

Frá: Svavar Garðarsson <senjor@simnet.is>

Date: mán., 26. ágú. 2019, 22:02

Subject: Loftslagsmál / Dalabyggð getur haft frumkvæði.

To: skuligudbjornsson <skuligudbjornsson@gmail.com>, @dalir.is thuridur <thuridur@gmail.com> siggahuld <siggahuld@gmail.com>

Cc: @gmail.com ragnh pals <ragnh.pals@gmail.com>

Til Byggðarráðs Dalabyggðar
Miðbraut 11.
Búðardal.

Eftirfarandi erindi óskast tekið fyrir á næsta fundi Byggðarráðs.

Ég legg til að Byggðarráð samþykki að áramótabrenna og flugeldasýning henni tengd sem Dalabyggð hefur staðið að óbeint með greiðslu kostnaðar verði aflagt.

Vegna alvarleikans í loftslagsmálum skiptir máli allt það sem við hvert og eitt okkar getum gert og því næst samfélagið okkar, sem í þessu tilfelli er Dalabyggð. Það er svo mikilvægt að sveitarfélagið fari á undan með góðu fordæmi fyrir íbúanna og verði um leið fyrirmynd annarra sveitarfélaga sem mögulega koma í kjölfarið ef þessi ákvörðun verður tekin og hún gerð opinber.

Þó það vegi ekki þungt fyrir heiminn sem við eigum öll saman, hvort við hér í Dalabyggð brennum nokkur hundruð vörubretti og nokkur hundruð lítra af úrgangsolíu þá er þetta ekki síður táknrænt að sýna lit. Ef önnur sveitarfélög gera slíkt hið sama þá er mikill áfangi í höfn, sem hófst með ákvörðun þriggja sveitarstjórnarmanna sem skipa Byggðarráð Dalabyggðar.

Mengunin (kolefnasporið svonefnda) er ekki bara reykurinn frá brennandi timbri og smurolíu, það er notuð vinnuvél og vörubíll við að undirbúa bálkóstinn og aftur þegar brennu botninn er hreinsaður um vorið þá er notuð vinnuvél og vörubíll. Nú ber svo við að haugarnir sem mokað var upp úr brennu botninum í vor standa enn á sjávarbakkanum vegna þess að allt bendir til að flytja þurfi þennan olíu og nagla mengaða úrgang í Fíflholt. Með hliðsjón af mengun og útgjöldum við áramótabrennuna og flugeldasýninguna þá er næstum villmannlegt að halda þessu áfram í boði Dalabyggðar.

Vilji Dalabyggð styrkja Ósk fjárhagslega eins og gert hefur verið með kaupum á flugeldasýningu í tengslum við brennuna þá er það hægt áfram með lægri upphæð og fá enga flugeldasýningu.

Bestu kveðjur.
Svavar Garðarsson